

Netháskóli Íslands risavaxið menntunarverkefni



Menntunartækifæri Stefania G. Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, leiðir vinnu um nýjan netháskóla á Íslandi.

FRAMTÍÐARSÝN um netháskóla er sú að Íslendingar geti farið í háskólanám hvenær sem er á netinu. Saman yrðu sett námskeið og einingar samræmdar frá ólíkum háskólum og þannig gæti fólk búið til sitt nám.

Þekkingarnet Austurlands (ÞNA) stendur 16. október n.k. að ráðstefnu á Egilsstöðum um Netháskóla Íslands, þar sem farið verður yfir samstarf háskóla og

samræmingu í mati, kennslufræði dreifnáms, sköpun góðs námsumhverfis á netinu, samræmingu á mörgum tæknilegum umhverfum háskólanna og hvernig netháskóli geti stutt við þróun staðbundins náms í þekkingarsetrum og minni háskólum.

Hugmyndin um netháskóla hefur verið í farvatninu frá árinu 2000 hjá Þekkingarneti Austurlands og undirbúningur ÞNA að slíkum skóla eitt af verkefnum Vaxtarsamnings fyrir Austurland. ÞNA og menntamálaráðuneyti hafa verið í viðræðum við háskóla landsins. Netháskólar þekkjast orðið víða, m.a. í Svíþjóð, Kanada, Frakklandi og Skotlandi.

Háskólarnir jákvæðir

"Nú er verið að setja umræðu um netháskóla í gang fyrir alvöru," segir Stefania G. Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri ÞNA. "Við vonumst til að afrakstur ráðstefnunnar verði leiðarvísir fyrir framtíðina og sett verði í gang stefnumótunar- og hugmyndafræðivinnan."

ÞNA vinnur skv. samningi við ráðuneytið tillögu að vef netháskóla.

"Að setja upp sérstaka stofnun gæti verið ein leiðin að netháskóla, en einnig þarf að hugsa um hvað slíkur skóli á að gera," segir Stefania. "Á grundvelli þess getum við svo velt fyrir okkur rekstrarformi, staðsetningu og sviðum. Háskólarnir þurfa að skoða hvort þeir vilja og geta aukið framboð á háskólanámi í fjarnámi, samræmt skráningarkerfi sín og námskeiðafyrirkomulag þannig að hægt sé að meta á milli skóla og búa til nám. Símenntunarmiðstöðvar þurfa jafnframt að skoða hvort þær geti eflt sitt samstarf og samræmingu. Við erum með námsver um land allt og háskóla sem eru að kenna á öllum helstu fagsviðum, svo spurningin er aðeins hversu langt við erum tilbúin að ganga og hvort innbyrðis samkeppni eigi eftir að standa hugmyndinni fyrir þrifum, eða efla hana. Vonandi verður í vor lögð fram áætlun um stofnun og starfsemi netháskóla sem allir háskólarnir og símenntunarmiðstöðvar skrifa undir." Að sögn Stefaníu hafa símenntunarmiðstöðvarnar sérstakan áhuga á kennslufræði dreifnáms. Hvernig styðja megi við það, minnka bilið í gæðum milli staðbundins náms og dreifnáms og hvaða kennslufræði og umhverfi henti best. Hún vonast til að netháskóli geti byrjað í einhverri mynd næsta vetur, þó að námsframboð og því um líkt sé nokkuð sem þróist á lengri tíma.